

Velferðarvakt Félags- og tryggingaráðuneytisins

Valgerður Halldórsdóttir formaður
barnanefndar

4. Maí 2010

Umræðan

- Íslendingar hafa verið rækilega minntir á hvað ófagleg vinnubrögð, reynslu – og þekkingarleysi getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir okkur sjálf og aðra.
- Sjálfsagt eru ekki öll kurl komin til grafar en skýrsla rannsóknarnefndarinnar um hrun fjármálakerfisins hefur staðfest m.a. að full ástæða hafi verið fyrir okkur að hlusta, læra, ígrunda og ekki síst að bregðast við þegar merkin fóru að berast.
- En hvernig mun skýrslan um viðbrögð okkar sem falið er að gæta hagsmuna barna á Íslandi á krepputímum líta út í framtíðinni? Hvað viljum við að komi þar fram?

Hvað mun koma fram í okkar skýrslu?

- Við getum ekki borið fyrir okkur þekkingar- eða upplýsingaskorti. Bæði innlendir og erlendir sérfræðingar benda á að þó að kreppa sé oftast tímabundið ástand, hvort heldur sem hún snertir heilt þjóðfélag, einstaka fjölskyldur eða einstaklinga, geta afleiðingar hennar verið langvarandi á börn og komandi kynslóðir bregðumst við ekki við á uppbyggilegan máta.
- Sumir hópar eru viðkvæmari en aðrir og á þá eigum við að horfa sem og styrkja almenna grunnþjónustu, tryggja velferð í skólakerfinu og nærumhverfi barna. Við megum ekki bíða eftir að börn í vanda ljúki grunnskólanámi – “kreistum” þau upp í framhaldsskólann þar sem of mörg detta út og lenda utan skóla- og vinnumarkaðar.
- Við þurfum samstillt átak ráðuneyta, sveitarfélaga og félagasamtaka. Við getum ekki bent hvert á annað, það á einfaldlega ekki að vera í boði.
- **Það er mikilvægt að muna að við erum í aðstöðu til að hafa áhrif á þá skýrslu sem á eftir að skrifa um starf okkar og velferð framtíðarkynslóða Íslendinga.**

Almannakerfi – samhæfingarmiðstöð barna

- Í nýrri könnun á vegum Seðlabanka Íslands kemur fram að barnafólk er líklegra til að vera á mörkum þess að ná endum saman en barnlaus heimili.
 - Vísbendingar eru þar um að þriðjungur einstæðara foreldra og 27% hjóna með börn geti átt í greiðsluvanda þrátt fyrir að gripið hafi verið aðgerða í þágu heimila í kjölfar kreppunnar.
 - Atvinnulausir
 - Foreldrar sem ekki hafa sama lögheimili og börn sín teljast barnlausir
- Barnahópur velferðarvaktarinnar telur að standa verði sérstaklega vörð um þau börn sem tilheyra þessum hópum. Sérlega mikilvægt er að þetta “**almanavarnarkerfið**” í kringum börn og úrræði þeim tengdum.
- Ástæða getur verið að kanna hvort nýta megi þá þekkingu sem til er hér á landi varðandi **almanavarnir** þegar vá ber að höndum til að nýta **fjármagn og samhæfa** úrræði ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka til að aðstoða barnafjölskyldur í sérstökum vanda.
- Lagt er til að opnuð verði sérstök **Samhæfingarmiðstöð barnamála** sem ætlað er að starfa á krepputímum.

Persónulegt tengslanet barna

- **Persónulegt stuðningsnet** barna er þeim ekki síður mikilvægt en hið opinbera. Góð tengsl barna við foreldra og fjölskylduna er mikilvægur og verndandi þáttur bæði hvað varðar ***efnahagslega stöðu og andlega líðan.***
- Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (2008) á íslenskum ungmönnum kom í ljós að skilnaður foreldra varð til þess að stuðningsnetið gysnaði sem og minni bein fjárhagsleg aðstoð var veitt en áður.
- Jafnframt kom fram að þau greiddu frekar fyrir uppihald sitt en hinir og unnu meira með námi. Ástæða er til að hafa áhyggjur af þessum hópi þar sem atvinnumöguleikar ungs fólks eru miklu minni en áður.

Tillögur

- Ástæða getur verið til að fara af stað með **hvatningu til foreldra** bæði almenna og svo þar sem henni er beint að sérstökum hópum, um að standa saman og þétta tengslanet barna. Nýleg rannsókn á vegum Rannsóknar og greiningar sýnir m.a. að ungmenni á aldrinum 16 -18 ára sem voru utan skóla og án atvinnu nutu minnst stuðnings foreldra sinna.
- Gæta þars sérstaklega að börnum **innflytjenda** sem oft hafa lítið bakland og persónulegt stuðningsnet. Kanna þarf með hvaða hætti er hægt að koma betur til móts við þau með persónulegum - og efnahagslegum stuðningi.
- Opna **símaráðgjöf** fyrir alla landsmenn. Hægt er að eiga m.a.samstarf við frjáls félagasamtök. Margt bendir til að samskiptaerfiðleikar hafi aukist á heimilum og á vinnustöðum.

Tillögur

- Tryggja verður aðgang barna og barnafjölskyldna að **fagfólki, sérfræðingum**, án langs biðtíma og þeim að kostnaðarlausu eða með sem minnstum tilkostnaði. Þau börn sem hafa sterka einstaklinga í kringum sig fá margskonar þjónustu – önnur verða af henni.
- Efla þarf aðgegni að persónulegri - og fjölskylduráðgjöf og annars konar ráðgjöf tengda **leik-, grunn, og framhaldsskólum og heilsugæslu**. Stoðin í lífi barna er að miklu leyti skólinn og þar náum við til þeirra. Líta má á **skólann sem úrræði** við börn og barnafjölskyldur.